

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2014

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Einar Gunnarsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrefna Karlsdóttir af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi var Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti. Veittur var styrkur til Williams Freys Huntingdon-Williams vegna doktorsnáms í hafrétti við Tilburg University, Tilburg School of Law, vegna skólaársins 2015-2016.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 29. júní – 18. júlí. Hafréttarstofnun veitti fjórum Íslendingum, Írisi Bjargmundsdóttur, Sesselju Bjarnadóttur, Snjólaugu Árnadóttur og Þorvaldi Hrafni Yngvasyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin sex einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnun efndi til kynningarfundar um Ródos-akademíuna í Sameinuðu þjóðunum í samstarfi við fastanefnd Íslands í New York 24. mars. Forstöðumaður og Myron H. Nordquist, aðstoðarforstöðumaður Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla, kynntu starfsemi akademíunnar og svöruðu fyrirspurnum en fundurinn var fjölsóttur.

Hafréttarstofnunin við Virginíuháskóla, ásamt Hafréttarstofnun Íslands og Háskólanum í Bergen, stóð að alþjóðaráðstefnu um norðurslóðamál, einkum landgrunnið, siglingar og fiskveiðar (Challenges of the Changing Arctic: Continental Shelf, Navigation, and Fisheries) í Bergen 26. og 27. júní. Forstöðumaður stýrði einu pallborði og á meðal fyrirlesara voru Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Rögnvaldur Hannesson, prófessor í Bergen, og Stefán Ásmundsson, framkvæmdastjóri NEAFC. Hafréttarstofnun hlaut styrk frá Norrænu ráðherranefndinni vegna framlags síns til ráðstefnunnar og bar því engan beinan kostnað af henni. Styrkurinn var jafnframt nýttur til að styrkja eftirfarandi til þátttöku í ráðstefnunni: Atla Má Sigurðsson og Tómas Orra Ragnarsson frá norðurslóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Arnór Snæbjörnsson og Brynhildi Benediksdóttur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Helga Áss Grétarsson frá lagadeild H.Í., Bjarna Má Magnússon frá lagadeild H.R., Ágúst Þór Árnason frá Heimsskautaréttarstofnun, H.A., og Kristin Schram frá Rannsóknasetri um

norðurslóðir, H.Í. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og verða erindi og umræður birt í ráðstefnuriti.

Forstöðumaður þáði boð um að halda eftirfarandi kennslufyrirlestra á sviði hafréttar: Fisheries Seminar – The Law of the Sea Convention and Other Instruments and Initiatives, Brasilia, Brasilíu, í mars; United Nations Regional Course in International Law for Africa, Addis Ababa, Eþíópíu, í apríl-maí; First Session of the Summer Academy on the Continental Shelf (SACS), Þórshöfn, Færeyjum, í júní; og First Session of the Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í október.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í eftirfarandi akademískum ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: Fourth International Symposium on Scientific and Legal Aspects of the Regimes of the Continental Shelf and the Area, Xiamen, Kína, í apríl; og Arctic Circle, Seminar on Arctic Fisheries, Reykjavík, í nóvember.

Hafréttarstofnun veitti styrk til Leifs Eiríkssonar málflutningsfélags vegna þátttöku íslenskra laganema í Jessup-málflutningskeppninni í þjóðarétti en viðfangsefni keppinnar í ár var á sviði hafréttar.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.